

Skólaráðsfundur 9. mars 2017

Mætt eru: Hólmfríður María Hauksdóttir fulltrúi foreldra, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Elísabet Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda, Emilía Kolka Ingvarsdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna, Monika Margrét Stefánsdóttir fulltrúi foreldra, Marías B. Kristjánsson deildarstjóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta árs, sem var kynnt og samþykkt á kennarfundi sl. þriðjudag. M.a. rætt að árhátíð er komin á haustönn, nánar tiltekið 23. og 24. nóvember. Fulltrúar nemenda ræða að þeim finnist lítið búið að gerast t.d. í tengslum við annálagerð. Fundarmenn almennt ánægðir með skóladagatalið og samþykkja það.
 2. SET listar – niðurstöður. Ólöf fór yfir niðurstöður SET lista. Farið er milli skóla og skoðað hvernig nemendur og starfsfólk þekkja SMT agakerfið. Farið var yfir SMT þríhyrningana, hvernig þeir eru uppbyggðir og hvað telst eðilegt að stór hluti nemenda sé í hverjum þriðjung. SET listar eru yfirleitt unnir í nóvember og eru miðlægur spurningalisti, eru lagðir fyrir í öllum skólum sem eru með SMT agakerfið. Sýndar voru glærur sem m.a. sýndu þróunina frá 2007 þegar skólinn fór að vinna með SMT. Í fyrra náðist í fyrsta sinn 100% árangur, þ.e. allir voru með kerfið á hreinu og þekktu það vel. Í ár náðist 98% árangur sem er mjög gott. Í fyrstu athuguninni (2007) var árangurinn 53% og hefur verið að aukast jafnt og þétt síðan, hefur ekki farið undir 90% síðan 2009. 11 af 15 nemendum þekktu einkunnarorðin núna, nemendur sem vissu ekki svörin voru í 1. og 2. bekk. Allir starfsmenn þekktu einkunnarorðin. Allir starfsmenn þekktu til SMT stýrihópsins.
 3. Skólapúlsinn – niðurstöður. Rætt um niðurstöður Skólapúlsins og skoðað sérstaklega þar sem niðurstöður Síðuskóla skera sig úr miðað við landsmeðaltal.
- Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 16:02.

Fundargerð ritaði Marías Ben. Kristjánsson